

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 10. janúar var fyrsti fundur ársins 2023 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Áætlun ársins 2023 (framhald)
3. Bálstofumál
4. Staða líkhúsmála
5. Starfsmannamál
6. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir áætlun ársins. Umræður, ljóst er að miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar s.s. frágangur á lóð við nýtt þjónustuhús í Kópavogi auk uppbyggingar garðsins, malbikun í Gufunesgarði og fleira.
3. Kynnt var staða bálstofu. Komin er staðfesting á að varahlutir munu leggja af stað til landsins um mánaðamótin janúar og febrúar. Allt stefnir í að uppgerð ofnanna geti farið fram í maí næst komandi.
4. Staða líkhúsmála var kynnt. Ljóst er að verulega bragabót þarf að gera á líkhúsmálum í landinu. Framkvæmdastjóri lýsti yfir áhyggjum sínum varðandi stöðu líkhúsmála. Líkhúsið er of lítið og aðstaða ekki ásættanleg. Kirkjugarðarnir hafa ekki fengi tekjur vegna rekstur líkhúss. Samkvæmt tekjugrunni frá Ríkinu þá er aðeins greitt vegna umhirðu og jarðsetningu auk tekna vegna reksturs bálstofu en ekki föstum kostnaði. Framkvæmdastjóra var falið að leita til Kirkjugarðaráðs og málið verði rætt aftur á næsta fundi.
5. Framkvæmdastjóri fór almennt yfir starfsmannamál.
6. Undir liðnum önnur mál var m.a. ákveðið að næsti fundur yrði þriðjudaginn 31. janúar næst komandi

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.